



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson

---

### **Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundafulltrúa Flokks fólksins**

Á 194. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. október 2020 lagði skóla- og frístundafulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Afleysingastofa er verkefni á vegum Reykjavíkurborgar þar sem einstaklingum gefst tækifæri til þess að skilgreina sjálfir sinn vinnutíma og vinna á þeim tíma sem þeir óska eftir. Í fyrsta fasa verkefnisins var um störf á leikskólum Reykjavíkurborgar að ræða en nú hefur fleiri starfsstöðum verið bætt við á skóla- og frístundasviði og á velferðarsviði. Afleysingastofa er nýjung hjá Reykjavíkurborg en byggir á erlendri fyrirmynd og er fyrirkomulagið til dæmis þekkt í Skandinavíu. Hver hefur árangur af þessu verkefni þegar kemur að mönnun starfa í skóla- og frístundastarfi? Hve margir hafa verið ráðnir til starfa í gegnum Afleysingastofuna?*

#### **Svar:**

Markmið Afleysingastofu er að starfsfólk geti ráðstafað sínum vinnutíma sjálf. Aðalmarkhópur stofunnar eru nemendur sem geta í flestum tilfellum unnið hlutastörf. Einnig eru aðrir aðilar á skrá sem geta tekið að sér hærra starfshlutfall.

Samkvæmt upplýsingum frá sérfræðingi á skrifstofu ráðningar og mönnunar á mannauðs- og starfsumhverfissviði sem hefur séð um ráðningar hjá Afleysingastofu eru leikskólarnir vel mettir af tímavinnufólki núna í byrjun 2022. Því hafa stjórnendur í mörgum tilfellum ekki viljað fá aðila sem er miðlað til þeirra frá Afleysingastofu þar sem þörfin á starfsfólki í 100% stöður hefur verið meiri.

Afleysingastofu hafa ekki borist margar beiðnir frá grunnskólunum. Raunin er sú að það eru ekki margir kennarar á skrá hjá Afleysingastofu, og þeir sem eru á skrá eru nú þegar í starfi.

Frístundastarfið hefur ekki verið að nýta þjónustu Afleysingastofu.

#### **Samtölur Afleysingastofu fyrir árið 2021**

- Starfsmenn Afleysingastofu á leikskólum: 40
- Starfsmenn Afleysingastofu í grunnskólum: 6
- Starfsmenn Afleysingastofu í frístund: 0
- Ráðnir beint á kostnaðarstað: 3
- Aðstoðarmenn í eldhúsi: 2
- Miðlað en fóru ekki í störf: 10

**Upplýsingar varðandi dagsverk frá Afleysingastofu/MOS (des 2021 – mars 2022):**

Starfsheiti	Merking	Ráðningar- dagur	Lokadagur	Vinnu- fyrirkomulag	Starfshlutfall	Ráðning á starfsstað
Starfsmaður 2	Í starfi	21.03.2022	31.03.2022	Tímavinna	100%	Nei
Starfsmaður 2	Í starfi	18.03.2022	30.04.2022	Tímavinna	100%	Nei
Starfsmaður 2	Í starfi	01.03.2022	31.03.2022	Tímavinna	100%	Já
Starfsmaður 2	Í starfi	28.02.2022	31.03.2022	Tímavinna	100%	Nei
Starfsmaður 2	Í starfi	28.02.2022	31.03.2022	Tímavinna	100%	Nei
Starfsmaður 2	Hættur	22.02.2022	04.03.2022	Tímavinna	100%	Nei
Starfsmaður 2	Í starfi	01.10.2021	31.03.2022	Tímavinna	Alla mánudaga og fyrir hádegi á miðviku- og fimmtudögum	Nei
Starfsmaður 2 með stuðningi	Í starfi	21.02.2022	01.06.2022	Dagvinna	100%	Já
Leikskólaleiðbeinandi B	Í starfi	09.03.2022	15.04.2022	Tímavinna	100%	Já
Leikskólaleiðbeinandi B	Í starfi	06.12.2021	31.01.2022	Tímavinna	100%	Já
Leikskólaleiðbeinandi B	Hættur	01.03.2022	31.03.2022	Tímavinna	100%	Nei
Leikskólaleiðbeinandi B	Í starfi	06.10.2021	31.03.2022	Tímavinna	Einn eftirmiðdagur í viku	Nei
Skólaliði	Í starfi	04.02.2022	28.02.2022	Tímavinna	100%	Nei
Leikskólaliði með stuðningi	Í starfi	10.09.2021	28.02.2022	Tímavinna	100%	Já
Leiðbeinandi 1	Í starfi	01.03.2022	24.03.2022	Tímavinna	100%	Já
Skrifstofustjóri	Hættur	07.02.2022	28.02.2022	Mánaðarlaun	100%	Já